

Veiðigjald til þjóðarinnar

Smábátæigendur greiða veiðigjald. Miðað við afla síðasta fiskveiðiárs nemur greiðsla frá þeim til þjóðarinnar 552 milljónir.

Fjölskyldufyrirtæki

Útgerð smábáta er jafnan stunduð undir nafni fyrirtækis sem flestir í viðkomandi fjölskyldu koma að. Algengt er að feðgar rói saman og utanumhald í landi sé á herðum eiginkonu með vaxandi umfangi útgerðarinnar.

Nýtt og ferskt hráefni

Hver róður hjá smábát stendur í 12 – 20 klst. Aflinn sem þeir færa að landi er eins nýr og kostur er. Öll aðstaða um borð til góðrar aflmeðferðar er fyrir hendi.

Flestir smábátæigendur selja aflann gegnum fiskmarkað þar sem hæstu verðin eru greidd.

Eftirsóttur afli

Fiskur frá smábátum er mjög eftirsóttur. Margar ástæður liggja þar að baki. Auk ferskleikans eru veiðarnar umhverfisvænar, stundaðar með lágmarksolíunotkun, útblástur frá þeim lítill, rekjanleiki auðveldur og vinsamlegt viðmót almennings til lítilra fyrirtækja.

Öryggismál

Smábátæigendur láta öryggismál sig miklu varða. Bátarnir eru búnir fullkomnum siglinga- og staðsetningartækjum sem gefa Vaktstöð siglinga upplýsingar um hvar þeir eru.

Hjá Slysavarnaskóla sjómanna sækja áhafnir bátanna reglulega þekkingu í viðbrögðum við háska og hvernig koma megi í veg fyrir slys.

Á öllum smábátum eru skipstjóramenntaðir stjórnendur. Skipstjórinn ber ábyrgð á áhöfn sinni og öryggisbúnaði bátsins. Hann er einnig sá sem tekur ákvörðun um hvort farið sé í róður. Gríðarleg framþróun í upplýsingatækni veðurathugana hefur aukið öryggi smábáta.



FISH MARKET
FISKMARKAÐURINN

Nætursaltaður þorskur með þurrkuðum trönuberjum - að hætti Hrefnu á Fiskmarkaðnum

1 kg þorskhakkar
100 gr gróft sjávarsalt
100 gr sykurl
25 gr svört piparkorn
4 stk stjórnuanis
6 kardimommur
50 gr smjör

Aðferð:

Brjótið stjórnuanisinn, kardimommurnar og svörtu piparkornin litlillega í morteli og blandið saman við saltið og sykurlinn. Stráið helmingnum af saltblöndunni í mót, leggið þorskhakkana í mótið og stráið afgangnum af saltblöndunni yfir.

100 gr mæjónes
2 msk flórsykurl
20 gr rúsínur
20 gr þurrkuð trönuber
20 gr ristaðar valhnetur (muldnar)
2 stiklar sellerí, fínt skornir
fínt rifnn börkur af lime
eftir smekk

Aðferð:

Blandið mæjónesinu og flórsykrunum saman með þísk. Bætið svo öllu hráefninu úti og blandið saman.

Geymið í kæli í 12 klst (eða yfir nótt). Útvatnið fiskinn í köldu vatni í 1 klst og þerrið svo á stykki. Ofnbakið fiskinn með niðurskornu smjörinu í 15 mín við 175 gráður. Gott er að ofnbaka fiskinn í eldföstu móti með álpappír yfir til að hafa hann sem safaríkastan.



LANDSSAMBAND
smábátæigenda



Landssamband smábátæigenda

Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík, sími 552 7922, fax 562 6590

www.smabatar.is



Landssamband smábátæigenda

er samband félaga og svæðisfélaga smábátæigenda á Íslandi. Aðildarfélög eru 15. Fjöldi báta í eigu félagsmanna eru 1.151. Aflaverðmæti smábáta 2010 var 23 milljarðar. Heildarafli 2010/2011 70.000 tonn.

Tilgangur sambandsins er að tryggja sameiginlega hagsmuni smábátæigenda á öllum sviðum. Vera opinber málsvari þeirra. Stuðla að framförum á sviði fiskveiða, vöruvöndunar, öryggis- og tryggingamála og annarra mála er þá varða.

Innan vébanda Landssambands smábátæigenda eru bátar í tveimur grunn veiðikerfum. Krókaafmarks- og aflamarkskerfi. Bátar í þessum kerfum geta einnig fengið strandveiðileyfi. Grásleppuleyfi er sérveiðileyfi sem ákveðinn fjöldi króka- og aflamarksbáta hafa rétt á.

Aflamarksbátar

Hámarksstærð smábáta í aflamarki er 10 brl. Fjöldi þeirra er 137. Þeim er frjálst að nota hvaða veiðarfæri sem er við veiðarnar. Mest veiða bátarnir í net, einnig nota þeir línu og handfæri.

Heildarafli smábáta á aflamarki fiskveiðarárið 2010/2011 var 3.649 tonn sem skilaði einum milljarði í aflaverðmæti.

Krókaafmarksbátar

Þeir eru að hámarki 15 brt. að stærð og veiða eingöngu með línu og handfærum. Alls stunduðu 612 krókaafmarksbátar veiðar á fiskveiðarárinu 2010/2011 og veiddu þeir alls 57.068 tonn.

Þorskur var 53% aflans, ýsa 24% og steinbítur 9%. Aflahæstur var Einar Hálfðans ÍS 11 frá Bolungarvík með 1.450 tonn.

Aflaverðmæti krókaafmarksbáta var 16,6 milljarðar árið 2010.

Strandveiðibátar

Öllum bátum sem uppfylla skilyrði til að fá veiðileyfi í atvinnuskyni eru heimilaðar strandveiðar.

Á strandveiðum er veitt með handfærum á tímabilinu maí – ágúst. Leyfilegt er að veiða 4 daga vikunnar; mánudaga – fimmtudaga, þar til viðmiðunarafla svæðisins er náð.

Áður en haldið er til veiða hefur viðkomandi bát verið úthlutað veiðileyfi sem gildir á eitt af fjórum veiðisvæðum. Róðralengd takmarkast við 14 klst. og afli í hverri veiðiferð við 773 kg af þorski eða ígildi í öðrum tegundum.

Sumarið 2011 stunduðu 685 bátar strandveiðar og fiskuðu 8.560 tonn. 80% af aflanum var þorskur, ufsi var 18% og 2% aflans var annar afli.

Aflaverðmæti strandveiðibáta var 2,5 milljarðar á árinu 2011.

Grásleppubátar

Grásleppuveiðar eru stundaðar á bátum minni en 12 brl. og krókaafmarksbátum. Veiðarnar eru leyfisbundnar og tóku 369 bátar þátt í veiðunum á síðustu vertíð.

Veiðarnar eru takmarkaðar við fjölda neta og daga, sem voru 50 á vertíðinni 2011. Þá er veður verulega hamlandi þáttur við grásleppuveiðar.

Grásleppukarlar á Íslandi hafa á síðustu árum aflað um þriðjung alls grásleppuaflla á heimsvísu.

Vertíðin 2010 skilaði um 18 þúsund tunnum af grásleppuhrognum, en á síðustu vertíð minnkaði aflinn niður í 11 þúsund tonn.

Aflaverðmæti 2010 var 2,7 milljarðar en í ár skilaði vertíðin 1,6 milljarði.

Útflutningsverðmæti grásleppuhrogna og kaviars 2010 var 3,8 milljarðar.